



KKA – Akstursíþróttafélag
Akstursíþróttafélag vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri
e mail: th@ALhf.is
Vættagili 24, 603 Akureyri
sími: 892 9806, 460 9800, fax: 460 9801

Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar
Helgi Snæbjarnarson, formaður skipulagsnefndar
Ráðhúsinu
600 Akureyri

Akureyri 22. febrúar 2013

Efni: Umsókn KKA um svæði undir enduroakstur í Hlíðarfjalli

Ágæta skipulagsnefnd,
Ég vísa í fyrri samskipti m.a. bréf KKA frá 16. júní 2010. Erindi þetta er einöngu sent á rafpósti sem er í samræmi við umhverfisstefnu félagsins.

Nú verið að vinna að breyttu skipulagi svæðis KKA og annarra félaga á Glerárdal.

Við óskum eftir að umsókn þessi og erindi KKA verði tekið með í þá skipulagsvinnu sem nú fer fram vegna svæðisins.

Með bréfi Akureyrarbæjar frá 7. apríl 2010 var KKA úthlutað viðbótarsvæði sem afmarkað er með gulu línunni á meðfylgjandi loftmynd, þ.e. 198.276 fermetra svæði. Svæðinu var úthlutað til 5 ára þ.e. til apríl 2015. Óskað er eftir að KKA verði varanlega úthlutað þessu svæði í því skipulagi sem nú er í vinnslu.

Gert er ráð fyrir að Bílklúbburinn geti byggt lengri braut sem nær upp á svæði KKA. Svæði KKA má ekki við að minnka vegna þessa enda er einfalt að stækka svæði KKA einfaldlega upp fjallið eins og lagt er til hér á eftir. Allt of lítið svæði er ætlað KKA í þeim tillögum sem nú eru til vinnslu, þ.e. eingöngu það sem nefnt er „Fyrri viðbót KKA“, sem á þar að auki að takmarkast af braut BA og enn fremur hugsanlega framkvæmdum Norðurorku neðst á svæðinu, sbr. meðf. loftmynd. KKA getur hæglega vikið af þessum svæðum en þá verður starfssemi félagsins vitanlega að fá aukið rými ofar í fjallinu eins og lagt er til hér að neðan.

KKA vill hafa sín mál á hreinu þ.e. komast inn á skipulag með sín svæði en vera ekki með bráðabirgðaákvæði um landnotkun og e.t.v. óljósar aðrar heimildir. Því óskar félagið að málunum verði komið á hreint og best er að málum verði hagað í samræmi við þarfir félagsins.

Aðallega sækir KKA um að félaginu verði úthlutað svæði sem afmarkast af svörtu línunni. Þetta er svæði sem afmarkast af Hlíðarfjallsvegi að norðan og gamla Hlíðarfjallsvegi að suðvestan og gilinu að suðaustan, sbr. meðfylgjandi loftmynd.

Við höfum sótt um þetta svæði áður en á þeim tíma þótti ekki rétt að fallast á óskir KKA vegna þess að athugasemd hafði komið frá Skotfélaginu um öryggissvæði, sbr. bréf bæjarins dags. 7.4.2010 (meðfylgjandi). Það hlýtur að vera búið að laga öryggismálin hjá Skotfélaginu núna og ef ekki þá verður að gera kröfu um það en láta þetta ekki bitna á KKA.

Það liggur í augum uppi að öryggismál Skotfélagsins verður að leysa innan svæðis Skotfélagsins. Ef öryggi er ekki tryggt á svæðinu sem KKA sækir um núna þá er það heldur ekki á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Um er að ræða kraftmikla riffla sem eru ekki bara hættulegir nokkur hundruð metra fjarlægð heldur eru þeir hættulegir marga km. Ef svæðið er ekki nægilega vel útbúið hjá Skotfélaginu þá er hættuástand um allan Glerárdal og upp um allt Hlíðarfjall og enginn öruggur fyrr en í Hörgárdal.

Það þarf að laga skothús Skotfélagsins þannig að ómögulegt sé að skjóta svo hátt að skotið fari yfir varnarveggi við svæðið. Það er fullkomlega óásættanleg leið að búa til öryggissvæði langt aftur fyrir svæði Skotfélagsins KKA til tjóns, enda ef leysa á öryggismál Skotfélagsins með þeim hætti yrði að lýsa Hlíðarfjall allt sem öryggissvæði fyrir Skotfélagið.

KKA myndi nota umrætt svæði fyrir endurobrautir. Eknar eru þar ákveðnar brautir en ekki skipulagslaust um allt svæðið. Framkvæmdir eru í lágmarki þannig að svæðið jafnar sig fljótt ef notkun þarf að hætta. Hins vegar er annað upp á teningnum á motocrosssvæði KKA. Þar er búið að leggja í framkvæmdir fyrir milljóna tugi, sbr. meðfylgjandi loftmynd.

Ef öryggismálum er enn áfátt og nauðsynlegt verður að hafa svæðið eins og fram kemur á myndinni og ekki er mögulegt að KKA fái svæðið allt þá er alltaf sótt um eins stórt svæði og hægt er að veita félaginu innan þessara marka, þ.e. þá totu sem liggur upp með öryggislínunni og Hlíðarfjallsveginum, sbr. loftmyndina.

Landgæði eru ekki mikil á þessu svæði sem sótt er um. Um er að ræða miklar þúfur, mela og þar sem gróður er, er hann aðallega gras og hefur svæðið að nokkru verið nýtt til efnistöku.

Ekki skiptir máli þó vegur fari yfir svæðið þvert eins og áætlað er að verði í framtíðinni.

Rök fyrir því að heimila KKA afnot svæðisins:

1. KKA er merkilegt og vel rekið íþróttafélag sem er treystandi fyrir landinu.
2. KKA er skuldlaust félag en á miklar eignir.
3. KKA sér um keppnishald á sínu sviði vegna landsmóts UMFÍ 2015 og aðstaða til þess myndi stórbatna með varanlegri úthlutun á endurosvæði.
4. Svæðið verður það stórt að mögulegt er að halda stór enduromót fyrir snjósleða, sem eru mjög fjölsótt.
5. Enduromót KKA draga mikinn fjölda fólks til bæjarins og þetta land gefur félaginu tækifæri til að halda enn betri mót og viðburði.
6. Gott og stórt endurosvæðið dregur til sín marga ferðamenn.
7. Endurosvæði styrkir orlofshúsabyggð sem er að rísa norðan vegarins, sbr. auglýsingar eiganda þess svæðis.
8. Enduroakstur er auðveldari og hentar vel til tólmstundaaksturs ferðafólks.
9. Motocross svæði félagsins er að mörgum talið besta aksturssvæði landsins en nauðsynlegt að hafa gott endurosvæði til að auka fjölbreytni og þar með auka líkur á því að öll fjölskyldan komi til Akureyrar en ekki bara þeir yngri sem treysta sér í motocrossbrautina.

10. Enduroakstur er auðveldari en motocrossakstur og hentar því vel til tómsundaaksturs fyrir óvana, sem þýðir fleiri ferðamenn til bæjarins.
11. Því stærra enduroland því lengri brautir og færri hringir sem eknir eru sem leiðir til minna álags á brautir og minna viðhalds.
12. KKA hefur byggt upp frábært íþróttasvæði, mesti stuðningur Akureyrarbæjar er að leggja félaginu til land undir starfssemi sína.
13. Mikilvægt er að gott og fjölbreytt (sem þýðir stórt) og vel skipulagt enduroland sé fyrir hendi til að minnka löngun manna til að aka annarsstaðar t.d. utan vega.

Til vara sækir KKA um að félaginu verði úthlutað varanlega í skipulagi svæðinu sem afmarkast af gulu línunni (svæðinu sem félagið hefur nú til bráðabirgða til 2015) og áður hefur verið minnst á, sbr. loftmynd.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Hjaltason, hdl.

Afrit:
Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri.